



Fundargerð

Ársfundur 11. júní 2020

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var haldinn fimmtudaginn 11. júní 2020 kl. 14:00 á skrifstofu Stapa, Strandgötu 3. Dan Brynjarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann stakk upp á sjálfum sér sem fundarstjóra og Jóhanni Steinari Jóhannssyni sem fundarritara.

Í upphafi gerði hann grein fyrir boðun fundarins og komu engar athugasemdir fram og er fundurinn því lögmatúr. Var síðan gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Dan fjallaði um starfsemi sjóðsins á árinu 2019. Í ræðu hans kom fram að reksturinn hafi verið í föstum og traustum skorðum á árinu eins og undanfarin ár. Eignir voru metnar á gangvirði og er ársreikningurinn byggður á því og gefur glögga mynd af eignastöðu sjóðsins í árslok 2019.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 12.713 milljónum króna og hækkaði um 6% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 9,6% og hrein raunávöxtun 6,7% samanborið við 3,9% nafnávöxtun og 0,7% raunávöxtun á árinu 2018. Meðalraunávöxtun sjóðsins sl. 5 ára er 4,4% og 3,9% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má vel viðunandi.

2. Afgreiðsla ársreiknings

Framkvæmdastjóri, Jóhann Steinar Jóhannsson, gerði grein fyrir helstu þáttum ársreiknings; rekstri, efnahag og sjóðstreymi. Hann rakti iðgjaldaþróun, gerði grein fyrir sérstakri inngreiðslu frá Akureyrarbæ og ríkinu, fjölda greiðandi sjóðfélaga, lífeyrisgreiðslum og hvernig lífeyrisbyrði sjóðsins hefur þróast. Engar fyrirspurnir komu varðandi ársreikninginn og var hann borinn upp og samþykktur samhljóða.

3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir tryggingafræðilega athugun sem unnin var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi og forsendur hennar. Notast er við örorku- og endurhæfingarlíkur m.v. reynslutölur íslenskra lífeyrissjóða 2011-2016 og lífslíkur m.v. reynslutölur 2014-2018. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 41,9%. Því duga eignir sjóðsins fyrir um 59% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, eru neikvæðar um 7.923 milljónir króna.

4. Kynning á fjárfestingarstefnu

Framkvæmdastjóri fór því næst yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins og ávöxtun síðasta árs. Hann ræddi m.a. fjárfestingaumhverfi sjóðsins og ræddi ávöxtunar- og áhættumarkmið sjóðsins.

5. Stjórnarkjóri lýst

Fundarstjóri greindi frá skipan stjórnar.

Aðalmenn:

Dan Jens Brynjarsson,
Gunnar Gíslason,
Halla Björk Reynisdóttir,
Arna Jakobína Björnsdóttir,
Hanna Rósa Sveinsdóttir.

Varamenn:

Eva Hrund Einarsdóttir,
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Árni Egilsson,
Engilbert Ingvarsson

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu stjórnar um að ytri endurskoðandi sjóðsins verði sá sami og fyrra ár í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, þ.e. endurskoðunarfyrirtækið ENOR. **Tillagan var samþykkt samhljóða**

7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna

Fundarstjóri bar upp tillögu um að stjórnarlaun yrðu áfram samræmd að nokkru við ráðslaun hjá Akureyrarbæ. Tillagan er þess efnis að formaður stjórnar fái 10,5% af viðmiðunarfjárhæð og aðrir stjórnarmenn 4% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern setinn fund. Jafnframt er lagt til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái 4% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern setinn fund. Í fjárhæðum þýðir þetta eftirfarandi:

- Formaður stjórnar: 120.137 kr. fyrir hvern setinn fund
- Aðalmaður í stjórn: 45.767 kr. fyrir hvern setinn fund
- Varamaður í stjórn: 45.767 kr. fyrir hvern setinn fund
- Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd: 45.767 kr. fyrir hvern setinn fund

Tillagan var samþykkt samhljóða

8. Önnur mál

Að lokum þakkaði fundarstjóri starfsmönnum og stjórn fyrir gott samstarf á starfsárinu og á fundinum.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 14:46

Fundarstjóri

Dan Jens Brynjarsson

Fundarritari

Jóhann Steinar Jóhannsson